

Nr. 209

24. febrúar 2014

## AUGLÝSING

**um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024  
vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 24. febrúar 2014 breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 sem samþykkt var í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins þann 18. október 2013. Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar var auglýst 25. nóvember 2013.

Breytingin er í fjölmörgum liðum sem snúa að aukinni áherslu á þéttingu byggðar og breytti landnotkun á einstökum svæðum. Einnig er um að ræða færslu á byggingarmagni á milli byggðasvæða í Reykjavík og flokka atvinnuhúsnaðis og uppfærslu á talnagrunnum svæðisskipulagsins varðandi íbúðarhúsnæði í Kópavogi.

Málsmeðferð var samkvæmt 27. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 24. febrúar 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2014